

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á  
hátíðarsamkomu í tilefni af 110 ára afmæli skólans 17. júní 2021**

Forseti Íslands, forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, fjármála- og efnahagsmálaráðherra, kæra Vigdís, góðir gestir.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar hátíðarsamkomu sem haldin er til að minnast 110 ára afmælis Háskóla Íslands á þjóðhátíðardegi Íslendinga. Skólinn var settur í fyrsta sinn á Alþingi 17. júní árið 1911, á aldarafmæli þjóðhetjunnar Jóns Sigurðssonar, og var hann hugsaður sem eins konar gjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín, áheiti um það sem hún vildi verða í fyllingu tímans.

Vissulega fólst nokkur fífldirfska í því að stofna háskóla á Íslandi árið 1911, þegar landsmenn voru aðeins rétt rúmlega 85 þúsund talsins. Sjálfstæðisbrölt þessarar örþjóðar vakti líka nokkra furðu meðal nággranna okkar á Norðurlöndunum, eins og sjá má á bréfi danska fræðimannsins Georgs Brandes sem hann sendi vini sínum, skáldprestinum Matthíasi Jochumssyni, snemma árs 1907: „Það er algert brjálæði fyrir 70 þúsund manna þjóð að vera ríki út af fyrir sig“, skrifaði Brandes. „Þið hafið engan verslun, engan iðnað, engan her, engan flota og þið eruð, þegar allt er talið, jafn margir og smábær í fimmtu röð á Englandi eða í Þýskalandi; þið hafið ekkert nema fræga fortíð“.

Þótt Brandes hafi vantalið Íslendinga hafði hann sannarlega nokkuð til síns máls. Veik staða þjóðarbúsins kom skýrt fram í umfangi skólans fyrstu árin; nemendur sem hófu nám við Háskóla Íslands haustið 1911 voru aðeins 45 að tölu og fastir kennarar skólans ekki nema 11. Flestir kennarar við skólann

urðu því að sinna störfum á við marga kollega sína í evrópskum háskólum. Háskólinn átti heldur ekkert hús í upphafi, og var honum því komið fyrir í Alþingishúsinu við Austurvöll.

Fyrstu forystumenn Háskólans gerðu sér fulla grein fyrir vanmætti skólans, en þeir þóttust þess þó fullvissir að stofnun hans væri gæfuspor fyrir íslenska þjóð. „Mjór getur verið mikils vísir“, benti Björn M. Ólsen, fyrsti rektor Háskóla Íslands, á í setningarræðu sinni á stofnhátíð skólans 17. júní 1911. Og hann hélt áfram með þessum orðum: „Vér höfum ástæðu til að vona að háskólinn verði með tímanum gróðrarstöð nýs menntalífs hjá þjóð vorri, og sjá allir hve ómetanlegt gagn það getur orðið fyrir menning vora og þjóðerni að hafa slíka stofnun hér innanlands.“ Sagðist hann einnig trúá því að skólinn gæti, „þegar stundir líða lagt sinn litla skerf til heimsmenningarinnar, numið ný lönd í ríki vísindanna, í samvinnu við aðra háskóla.“

Þessi spá hefur sannarlega ræst í fyllingu tímans. Vígsla nýs háskólahúss, sem við erum stödd í nú, fyrir réttu 81 ári, eða 17. júní árið 1940, í skugga heimsstyrjaldar og hernáms, markaði tímamóti fyrir skólann. En sögu Háskóla Íslands má skipta upp í þrjú skeið út frá helstu áherslum í starfseminni. Fyrstu hálfu öldina var hann fyrst og fremst *embættismannaskóli*, sem menntaði embættismenn fyrir hið unga íslenska ríki – presta fyrir þjóðkirkjuna, lækna fyrir heilbrigðiskerfið, lögfræðinga fyrir stjórnslu ríkisins og kennara fyrir menntaskólana. Þeir sem hugðu á annað nám urðu að sækja sér menntun til annarra landa.

Á tímabilinu frá sjöunda áratug síðustu aldar og fram á þann tíunda breyttist starfsemi Háskólans í grundvallaratriðum þegar nýjum greinum í grunnnámi

fjölgaði verulega um leið og sprenging varð í fjölda nemenda og kennara við skólann. Á þessu tímabili var skólinn það sem kalla má *grunnmentunarskóli*, því rannsóknarnám var aðeins í boði í örfáum námgreinum skólans.

Þegar kom fram á síðasta áratug 20. aldar breytti skólinn enn um stefnu með aukinni áherslu á rannsóknir og rannsóknarnám. Við það breyttist skólinn í fullgildan *rannsóknaháskóla*, með öflugum meistara- og doktorsnámi og sífellt fjölbreyttari rannsóknum kennara og sérfræðinga á flestum þeim sviðum sem lögð er stund á í sambærilegum háskólum á Norðurlöndum og víðar. Þannig má segja að draumar frumherjanna um öflugan alþjóðlegan háskóla hér á landi hafi smám saman ræst.

Íslendingum er tamt að líta á tímunn frá miðri 19. öld og fram til fullveldisstofnunar árið 1918 eða lýðveldisstofnunar árið 1944 sem tímabil sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Þetta var pólitísk barátta, drifin áfram af þeirri fullvissu að Íslendingar væru sérstök þjóð sem ætti rétt á fullu sjálfstæði frá Dönum. Önnur hlið þessarar sjálfstæðisbaráttu, sem var ekki síður mikilvæg, sneri að því að treysta efnahagslega og menningarlega innviði íslensks samfélags þannig að þjóðin væri í raun fær um að taka sín mál í eigin hendur. Ég minntist áðan á það álit Georgs Brandes að það væri glapræði fyrir Íslendinga að krefjast sjálfstæðis en margir voru á sama máli og Brandes, m.a. héraendis. Þegar kom að stofnun lýðveldisins efuðust aftur á móti fáir Íslendingar um að þjóðin gæti farið með eigin mál án danskra afskipta. Ýmsar ástæður voru fyrir þessum sinnaskiptum en enginn vafi leikur á að Háskóli Íslands lék lykilhlutverk í þessum þætti sjálfstæðisbaráttunnar, fyrst með því að mennta helstu lykilstarfsmenn

ríkisins og síðar með því að byggja upp sífellt fjölbreyttari háskólakennslu og rannsóknir sem hafa skipt sköpum fyrir almenna hagsæld í landinu.

Staða Háskóla Íslands í nútímanum er sterk. Háskólinn er alhliða rannsóknaháskóli sem starfar nú á fimm fræðasviðum í 26 deildum. Frá stofnun hefur skólinn brautskráð um 55 þúsund nemendur sem hafa látið að sér kveða á öllum sviðum samfélags og atvinnulífs. Nemendur skólans koma nú frá tæplega eitt hundrað þjóðlöndum og alls eru um 16 þúsund talsins. Þessi vaska sveit mun hafa afgerandi áhrif á að móta framtíð íslenskrar þjóðar.

Háskóli Íslands á í afar góðu samstarfi við stofnanir og atvinnulíf á Íslandi og gegnir lykilhlutverki í lýðræðislegri, upplýstri samfélagsumræðu hér á landi. Skólinn hefur jafnframt skapað sér traust og virðingu á alþjóðlegum vettvangi sem alhliða og öflugur rannsóknaháskóli og standa fræðimenn við skólann í fremstu röð eins og ítrekað er staðfest með alþjóðlegum mælingum á afköstum og gæðum háskólastarfs. Háskólinn er með virka samninga við yfir 400 háskóla í heiminum, og hann leiðir til að mynda Aurora, samstarfsnet 11 öflugra evrópskra rannsóknaháskóla. Aurora var nýlega valið sem eitt af 41 evrópskum háskólanetum og hlaut sérstakan fjárstuðning til að treysta það samstarf.

Háskólinn hefur nú á 110 ára afmæli sínu markað sér nýja stefnu, HÍ26, fyrir tímabilið 2021-2026. Í nýju stefnunni er lögð rík áhersla á að starf skólans stuðli að sjálfbærni og farsælli þróun samfélagsins á Íslandi og um heim allan. Með nýja framtíðarstefnu að leiðarljósi munum við taka stór skref í að gera skólann enn fjölbreyttari, efla tengsl við atvinnulífið og kappkosta um leið að eigi í frjóu samstarfi við háskóla um allan heim.

Góðir hátíðargestir. Háskóli Íslands hefur alla tíð verið þeirrar gæfu aðnjótandi að njóta stuðnings og velvildar íslensks samfélags og á skólinn stóran hóp hollvina. Fremst meðal jafningja í þeim flokki er Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands – fyrsti lýðræðislega kjörni kvenforseti heims. Vigdís hefur alla tíð sýnt Háskóla Íslands einstakan og ómetanlegan stuðning og velvilja. Vigdís nýtur óskoraðrar virðingar meðal íslensku þjóðarinnar og um heim allan, og hún hefur verið sæmd fjölmörgum viðurkenningum fyrir ævistarf sitt, þar á meðal heiðursdoktorsnafnbót frá tveimur deildum Háskóla Íslands, Verkfræðideild og Mála- og menningardeild. Kæra Vigdís, það er mér heiður að bjóða þér að taka nú til máls.

Takk fyrir og til hamingju með daginn.